

Fimmtudaginn 21. nóvember 1991.

Nr. 447/1991. **Hafrún Hermannsdóttir**

gegn

Guðrúnu Hönnu Scheving.

Kærumál. Útburður. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. október 1991. Kæruheimild er 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Kröfum er lýst svo í greinargerð lögmanns sóknaraðila:

„1. Aðalkröfur: Að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og honum hrundið og málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

2. Varakröfur: Að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og honum hrundið og að hr. fltr. bæjarfógetans í Keflavík, Árna Hauki Björnssyni, verði gert að víkja sæti í málinu sem fógeti og dómari.

3. Málskostnaður: Í öllum tilvikum verði kæranda tildæmdur hæfilegur kærumálskostnaður úr hendi gagnaðila, auk 24,5% virðisaukask., sbr. lög nr. 50/1988, en kærandi, sem er húsmóðir, er ekki virðisaukaskattsskyldur aðili.“

Hinn kærði úrskurður varðar fógetaréttarmál, þar sem krafist var útburðar á sóknaraðila og ónafngreindum börnum hennar. Kæra og greinargerð eru þó í nafni sóknaraðila eins, og er hún ein aðili hér fyrir dómi.

Borist hafa athugasemdir, sem eiginmaður varnaraðila hefur ritað fyrir hennar hönd. Verður að skilja þær svo, að þess sé krafist, að kröfum sóknaraðila sé hafnað.

Aðalkrafa sóknaraðila er á því byggð, að því er í greinargerð lögmanns hennar segir, að fógeti hafi ekki tekið til greina beiðni um frest til munnlegs flutnings útburðarmálsins, sem fram hafi verið sett 28. október sl. Í fógetabók var skráð, eftir að hinn kærði úrskurður var upp kveðinn, að málinu væri frestað í einn dag til

aðalflutnings. Af honum varð ekki vegna kærunnar, sem hér er til meðferðar.

Um réttarfar í fógetaréttinum bar að fara eftir lögum um aðför nr. 19/1887. Fór fógeti rétt að hinn 28. október, sbr. 3. mgr. 39. gr. og 1. mgr. 41. gr. laganna.

Varakrafa sóknaraðila er rökstudd með því, að hjá bæjarfógeta í Keflavík hafi ekki verið farið rétt að við meðferð gjaldþrotamáls sóknaraðila, og hafi hún nú hafist handa af því tilefni. Er þó ekki fram komið, að ágreiningur út af þessu atriði leiði til þess, að bæjarfógeti og þar með sá fulltrúi hans, sem fór með útburðarmálið, þurfi að víkja sæti í því.

Samkvæmt framanskráðu ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.